


„Trölly sýnist mér það líkara“

Merkingarleg þróun orðsins blámaður frá tólftu til tuttugustu aldar

Öll þekkjum við orðið *blámaður* þótt heldur fari lítið fyrir því núorðið. Einkum er það notað í niðrandi merkingu, sem kann að einhverju leyti að skýra takmarkaðar vinsældir orðsins hér á landi, en einnig bregður við að það sé notað í gamni eða hreinlega af vanþekkingu á neikvæðari merkingu orðsins. Sem dæmi um hið fyrrnefnda mætti nefna persónu Steinþórs Steinssonar í skáldsögu Halldórs Laxness, *Sölku Völku*, sem segir að prófasturinn á Óseyri sé „sá þrautleiðinlegasti rexari og pexari sem ég hef nokkurntíma verið svo óheppinn að rekast á í lífinu, og hef ég þó bæði samneytt blámönnum og sódómistum.“¹ Um hið síðarnefnda er mér nærtækast að geta þess að einhverju sinni þegar ég átti í samræðu um rannsóknir mínar á blámönnum í bókmenntum var ég spurður hvort ég hefði þá ekki áreiðanlega kynnt mér sögu Hans Jónatans, „því ef einhver þeirra² var blámaður, þá var það hann.“³



Blámaður frá Sudurálfu.


Næsta sjálfsagt virðist hafa verið á tímabilum að nota orðið *blámaður* í almennri merkingu yfir hörundsdökkt fólk úr Afríku. Til dæmis birtist í *Lestrabók handa alþýðu á Íslandi* eftir Þórarin Bøðvarsson teikning af myndarlegum manni sem sýnilega á að vera afrískur frumbyggji, en þó er sú mynd fjarri því að vera fordómalaus. Undir myndinni stendur: „Blámaður frá Suðurálfu.“⁴ Einatt fylgja slíkri notkun orðsins neikvæðir kynþátta-bundnir undirtónar. Þar mætti nefna *Ritgjörd tilheyrandi spendýrafrædi* sem Jón Bjarnason skrifaði á milli 1845 og 1852. Þar talar hann um „mannbreytingar“ eða undirteygundir mannkyns og fimmti flokkur Jóns:

eru kalladir negrar, edur blámenn, sem byggja sudur álfu heimsins. Kolsvartir á lit, hár og hörund, med stutt og dún mjúkt hár. Á hörundid gljáir sem silki. Þeir eru dökkjarp eigdir, flat nefjadir, vara þykkvir og hvít tentir. Konur þeirra eru svo brjóst síðar að þær géta slett þeim aptur á herðar sér annars hánga þaug ofan fyrir nabla. Sumir negrar géfa af sér ódauns stækju.⁵

Annað dæmi um þetta er bókin *Blámenn og villidýr: Sannar sögur úr Afríku með myndum* frá 1934. Vissulega er þetta þýðing á erlendri bók, þótt upprunalega bókartitilsins eða höfundar verksins sé hvernig sem á því stendur hvergi getið í þýðingunni, en bókin er engu minna athyglisverð fyrir því hvaða orð þýðandinn velur sér. Þar kemur til dæmis fyrir blámaðurinn Mjólk: „En við kölluðum hann þessu nafni að gamni okkar, ekki af því hann bæri þetta nafn með réttu, heldur þvert á móti, því hann var lang hörundsdekksti blámaðurinn, er við höfðum hitt.“⁶ Annað í bókinni er eftir þessu, kynþátta- og nýlenduhygga höfundar fer ekki dult. Til dæmis sagan „Herferð gegn mannætum“:

Í nokkrum hluta þessa lands bjuggu menn af Fúlani-þjóð, og eru þeir ekki blámenn, þó dökkir séu þeir á hörund. Þeir stunda nautgriparækt og eru Múhameðstrúar. En mestur hluti landsins var byggður blámönnum, og voru þeir allir heiðingjar. Þeir skiptust í eitthvað 10 eða 12 kynþætti, en voru sameiginlega kallaðir Tangale eða Tangalar. Þeir töluðu allir svipaða tungu, en voru mjög fjandsamlegir hver í annars garð, og höfðu átt í sífelldum ófriði sín á milli, áður en Bretar slógu eign sinni á landið og friðuðu það. Allir voru Tangalar mannætur, og fangar, sem teknir voru í ófriði, fóru í pottinn, eins og líka var siður eftir hverja orustu, að sjóða eins mikið og hægt var að torga af föllnum óvinum.⁷

Í atriðisorðaskrá *Íslenskra þjóðsagna og sagna* sem Sigfús Sigfússon tók saman má finna uppflöttiorðið *blámaður*: „sjá negrar“, og sé *negrum* flett upp þá segir færslan: „negrar blámenn svertingjar“.⁸ Þessi orð birtast hér öll saman sem vitnisburður um síðustu leifar þess tíma sem þau þóttu ekki móðgandi eða fordómafull. Þannig birtast þau óbreytt í endurútgáfunni frá 1993, þegar orð eins og *negri* og *blámaður* voru hætt að heyrast nema í niðr-



andi merkingu, en síðasta bindi frumútgáfunnar kom út árið 1959. Alveg víst er að ekkert þessara orða þykir brúklegt í almennu tali lengur. Árið 2016 varð ritstjóra Morgunblaðsins það á að kalla þáverandi Bandaríkjaforseta múlatta í leiðara og viðbrögðin skáru ótvírætt úr um að það orð þykir einnig niðrandi og afhjúpanði fyrir kynþáttahyggju þess sem tekur sér það í munn.⁹

Þá mætti nefna fáein gamansamari dæmi, svo sem þá tilhneigingu sumra til að kalla leikmenn enska fótboltaliðsins Leicester City blámenn sakir blárra búninga þeirra, eða bandarísku listasveitina Blue Man Group sem hefur stundum verið kennd við blámenn á íslensku, en meðlimir þeirrar sveitar eru allir rakaðir um höfuðið og málaðir bláir. Það eru þó annars konar blámannasveitir sem hér verða teknar til skoðunar.

Þó að orðið *blámaður* hafi að mestu horfið úr daglegu tali þá er annað orð sambærilegt sem víða er notað nútildags og virðist að mestu laust við

sömu neikvæðu merkingu: *blökkumaður*. Það má spyrja sig hvers vegna *blökkumaður* þykir gjaldgengt orð eftir að *blámaður* er orðið næsta ónot-hæft vegna neikvæðra tenginga. Sjálfur tel ég að skýringarinnar á því megi leita í sögulegu samhengi orðsins *blámaður*, hvernig það hefur verið notað gegnum aldirnar til að lýsa fólki á neikvæðan hátt. *Blökkumaður*, þótt það sé nánast samhljóðandi orð, er aftur á móti nýtt orð sem hefur ekki – ennþá að minnsta kosti – náð að hlaða utan um sig sambærilegri neikvæðri merkingu.

Á fylgjandi síðum mun ég fara yfir þessa sögu og taka fjölmörg dæmi um hina margvíslegu merkingu orðsins *blámaður*.

Fornmálsorðabækur

Svo virðist sem fornmálsorðabækur séu undir nokkrum áhrifum frá nútíma-merkingu orðsins *blámaður* og má vera að það hafi sömuleiðis ýtt undir túlkun fræðimanna á blámönnum í miðaldatextum. Orðabók Cleasbys og Guðbrands Vigfússonar gefur þannig upp merkinguna: „a black man, negro, i.e. an Ethiopian,“ og bætir við að þeir séu þannig aðgreindir frá Serkjum og Aröbum og að í riddarasögum eða rómönsum séu blámenn nefndir sem eins konar berserkir.¹⁰ Orðabók Fritznars er ítarlegri og þar sést vel hversu margslungin merking liggur að baki orðinu, en þó fellst hann á að almenna merkingin sé: „Menneske, som er sort over sit hele Legeme, især brugt om Negre eller Æthioper hvor Æthiops ogsaa er oversat med blåmaðr.“¹¹ Norræna fornmálsorðabókin gefur fyrst upp merkinguna „sort person, neger (om personer fra forskellige dele af Afrika)“ og næst „om en djævel.“¹² Fritznar kemst næst hinu sanna en raunin er þó enn viðameiri en skilgreining hans nær utan um. Orðskýringar fræðimanna hafa á hinn bóginn sýnt tilhneigingu til að fella sig við þá skýringu sem þeim er nærtækust, það er að segja nútíma-merkinguna: svartur maður úr Afríku.¹³ Ef miða ætti við samsetningu orðsins eina sér þá liggur slík túlkun enda beint við, þótt erfitt sé að álykta annað um litinn bláa í þessu samhengi en að hann tákni óræðan dökkan lit auk þess að sá litur er ekki alltaf bókstaflegur; stundum er hann táknrænn fyrir djöfullegt eðli hins bláa manns.¹⁴

Blámenn sem djöflar

Ef aðeins er miðað við elstu heimildir er *blámaðr* oftast þýðing á *aethiops* úr latínu, sem merkir hörundsökka manneskju úr Afríku norðan Sahara.

Samhengi orðsins ljær því engu að síður aðra merkingu en þessa uppruna-
legu, því í evrópskum helgisögum var títt að brúka það um djöfla. Elstu
heimildir íslenskar sem blámenn koma fyrir í eru þýðingar á slíkum ritum og
blámaðr því þýðing á *aethiops* og einnig haft um djöfla í þeim textum. Hér
er um að ræða sögur á við Tveggja postula sögu Símons og Júdass, ólíkar
gerðir Bartholomeus sögu og Maríu sögu, en jafnframt má sjá orðið í þess-
ari merkingu í frumsömdum helgisögum á við Guðmundar sögu biskups.
Sambærilegt líkingamál má einnig finna í austnorrænum heimildum, svo
sem í einni danskri stólræðu frá sextánda öld þar sem talað er um skreytna
konu sem gengur inn í kirkju:

Bag paa hendiss kiortel som hwn slæbede efter sig sade mange vtalige diøffle smaa
som røtther oc sorte som blaamend de loge oc skogrede oc klappede dæriß hender
til hobe oden ene spranck offuer den anden som fiske gøre i en wod.¹⁵

Blámenn sem heiðingjar eða múslimar

Heiðingjar í miðaldartextum eru gjarnan tengdir hinu djöfullega og blámenn
eru tengdir hvoru tveggja. Í Fagurskinnu er til dæmis talað um blámenn og
Serki í sömu andrá en ljóst er af samhenginu að átt er við Mára,¹⁶ sem svo
voru nefndir eftir yfirbragði.¹⁷ Í Morkinskinnu leggur Sigurður konungur
Jórsalafari að velli blámenn og þar er einnig átt við Mára.¹⁸ Heilagra þriggja
konunga saga tekur sérstaklega fram að með orðinu *Márar* sé átt við blá-
menn.¹⁹ Þá kemur fram í Orkeyinga sögu að „Saraceni; þat kaullum vér
Maúmets villumenn“,²⁰ fari um á drómundum²¹ og margt blámanna sé í liði
með þeim. Í Vitae patrum er blámönnum líkt við varga meðal lamba en að
jafnvel þeir muni kristnast á endanum:

Vargar munu fæðaz með lömbum, óarga dýr og uxi munu báðir samt seðiaz sadum.
Ver saam ok þar, segir sæll Jeronimus, blalenzka menn með munkalifnadi ok marga
af þeim umfram gangandi aðra munka í siðsamlegri bindindi og krafti hugarins,
svo að þeim sýndiz fyllaz su ritning er sva segir: Blaland mun til Kristz koma fyrir
hans hendr²²

Þannig er gefið til kynna að blámenn séu manna ólíklegastir til að taka
kristni.²³

Í þeim tilvikum sem múslimar og blámenn eru eitt og hið sama eða að
öðrum kosti í samkrulli er þeim ekki lýst á eins neikyæðan hátt og í ýmsum
öðrum þeim tilvikum sem hér eru til umfjöllunar. Í raun er svo lítið látið
með þá að þeir verða að einsleitum en sviplausum hópi óþokka sem eru í

andstöðu við kristindóminn og engin leið til að fást við þá önnur en að koma þeim fyrir kattarnef. Sigurður Jórsalafari berst við blámenn á spánsku eyrni Formentera áður en hann nær leiðarenda og baðar sig í ánni Jórdan eins og sannur sendiboði Krists.²⁴ Þannig er Sigurður sendiboði hins hvíta og sanna andspænis óskilgreindum herskara af dökkum sendiboðum djöfulsins.

Sophia Rose Arjana hefur nýlega gert skrímslisvæðingu múslima ítarleg skil í bók sinni *Muslims in the Western Imagination*. Af rannsókn hennar að dæma er alveg ljóst að *Serkir* var hópur sem náði í senn yfir múslima, Araba og Afríkumenn, og að á köflum var þeim slegið saman við gyðinga.²⁵ Múhameð var ýmist sagður vera villutrúarmaður, aðskilnaðarsinni, Andkristur eða ógnarlegt skrímsl og Serkjum var lýst sem hræðilegri mergð hermanna Andkrists sem boðuðu heimsendi, skrímslaþjóð, hundshöfðum, djöflum og síðast, það sem sjaldgæfast er, eins konar göfugum hliðstæðum kristinna riddara.²⁶ Gyðingum og múslimum var einnig spyrt saman og þeir gerðir samábyrgir fyrir ýmsu sem illt þótti jafnvel þótt það hafi átt sér stað fyrir tíð islam.²⁷ Þannig má finna jafnt gyðinga og múslima á ýmsum myndlýsingum af krossfestingunni, svo aðeins eitt dæmi af fjölmörgum sé nefnt.²⁸

Arjana bendir ennfremur á að kristileg sjálfsmynd byggðist á því sem innan heimsmyndar kristninnar var talið vera staðalmynd hins samfélagslega viðurkennda (e. *normative*) og þar undir féll hörundslitur. Svart eða dökkt hörund gaf til kynna illt og syndsamlegt eðli en ljósum húðlit fylgdu þau forréttindi sem honum fylgja enn þann dag í dag. Svart hörund hafði allt frá fimmtu öld hið minnsta verið tengt fjandanum og álíka figúrum og þar með var það í guðfræðilegum skilningi afleiðing syndar. Gregóríus páfi (540-604) hélt því fram að Eþíópía (þ.e. Afrika sunnan Nílardala og Sahara) væri sýnilegt vitni um syndafallið og aðrir kristnir lærdómsmenn þáðu frá honum sambærilegar hugmyndir um dökkt yfirbragð sem eins konar tákn syndar og glötunar. Múslimar koma fyrir þær sakir oft svartir, bláir eða fjólubláir fyrir sjónir í myndlýsingum miðalda. Fleiri sögur sama toga má finna víða, svo sem í ritinu *Cursor mundi* frá öndverðri fjórtándu öld þar sem segir af því þegar Davíð blessar fjóra blýsvarta Serki og þeir verða samtundis mjólkurhvítir á hörund fyrir vikið.²⁹

Þá er ótalin sú hugmynd sem birtist í Morkinskinnu, að því fleiri heiðingja sem brytjaðir eru niður fyrir fjandann muni þeim mun fleiri vera við að etja þegar herdeildir djöfulsins láta til skarar skriða.³⁰ Blámenn eru þannig stundum fulltrúar hinna bannsettu þjóða sem fjallað er um í *Opinberunarbókinni*, sem munu berjast við hlið Andkrists við endalokin. Í íslenska handritinu AM 194 8vo frá árinu 1387 er sagt að Kanaan réði Blálandi,³¹ en Kanansmönnum var ítrekað lýst sem risum og þeir tengdir sömuleiðis við hinar bannsettu þjóðir.³²

Í Evrópu merkti hugtakið *Serkur* upphaflega einungis Araba en fljót-

lega var það yfirfært á múslima, Eþíópa (í íslensku tilliti blámenn), og gyðinga; jafnframt þessu voru þeir stundum sagðir afsprengi sjálfs Andkrists.³³ Blámenn teljast stundum til Serkja og það hefur Sirpa Aalto sömuleiðis bent á, að Arabar og Márar eru taldir til blámannanna í norrænum miðaldabókmenntum.³⁴ Hugmyndir Evrópumanna um múslima má hæglega heimfæra upp á íslenskan hugmyndaheim.³⁵ Greinarmunur var gerður á Afríkumönnum og þeim skipt upp í Egypta og aðra og það er síðarnefndi hópurinn sem iðulega er nefndur *Eþíópar*. Hvorum tveggja var þeim og Serkjum lýst sem svo að þeir hefðu svarta eða bláa húð sem síðan var yfirfært nánar á Afríkumenn og múslima, þar með talda Mára, og enn síðar á Berba. Dökkum húðlit fylgja og tengsl við djöfulinn eins og áður var nefnt.³⁶

Arjana kemst að þeirri niðurstöðu að öll þau ólíku þjóðabrot sem síðan eru sameinuð undir Serkshugtakinu myndi að lokum blendingsskrímsl hinna ólíku þátta:

The monster that encapsulated all three of these entities – Saracen, Jew, and black African – is the Black Saracen. This is a hybrid monster, an African (implicated as Satan by his dark skin), Jewish (depicted executing a saint), and Muslim (by the moniker „Saracen“ as well as by the turban he often wears). With his black, purple, or brown skin, large lips, and curly hair, this monster is clearly meant to represent an Ethiopian, that is, a non-Egyptian African. Satan often masqueraded as a serpent, a dragon, or a human with blackened skin. The Black Saracen is but one of the many forms that Satan took, a symbol of evil walking the earth.³⁷

Hið sama gildir um blámenn í íslenskum miðaldaritum: saman mynda Eþíópar, Serkir, Márar og múslimar andkristilegar herdeildir hins illa, og hugtakið *blámaðr* er gjarnan notað sem samheiti yfir alla þessa hópa.

Blámenn sem berserkir

Blámenn eru títtnefndir meðal berserkja, bannsettra þjóða og illþýðis. Einstaka sinnum eru blámenn ekki einasta í slagtogi við berserki heldur eru þeir sjálfir berserkir.³⁸

Þannig vita menn í Vilmundar sögu viðutan að „berserkir mundu uid landjt komner. þvuiat blamenn sauzt j lidj þeirra,“ enda kemur það á daginn þegar herinn lætur sjá sig „og uoru flest blamenn og berserkjr.“³⁹ Dæmi um blámenn sem eru berserkir má finna í Hektors sögu þar sem í einum her eru margir blámenn „iorðu svartari“ sem grenja sem úlfar og leiðtogi þeirra er „saa berserkr er Balldvlfur het. enn hann uar allra þeirra liotaztr, mestr og sterkaztur. enn iarn bita hann ei. nema þau sem uoro uönnduth. og du-ergar gerdu med suo mattugum atkuædum ath eckj matti uith standa.“⁴⁰ Í

Sturlaugs sögu starfsama er sömu persónu sitt á hvað lýst sem blámanni og berserki.⁴¹

Blámenn og tröll

Blámenn hegða sér sjaldan eins og manneskjur í miðaldatextum, heldur eru þeir dýrslegir. Þeir fara gjarnan um hrínandi, grenjandi, öskrandi og froðufellandi. Þeir eru í grundvallaratriðum tröll og þar með umgangast þeir tröll.⁴²

Það er að þessu leytinu til sem blámenn verða hálfgerð erkitýpa miðalda-skrímshlisins gagnvart íslenskum heimildum. Miðaldafræðingurinn Jeffrey Jerome Cohen hefur dregið saman sjö tilgátur um skrímshlis og sú heildarkenn- ing, sem nú er viðtekin í skrímshlisarannsóknum, er mjög samhljóma rann- sóknum Ármanns Jakobssonar á tröllshugtakinu. Þannig geta tröll íslenskra miðaldabókmennta verið fyllilega sambærileg við skrímshlis evrópskra rita sama tíma að mörgu leyti, þótt hvert og eitt tröll geti haft sín sérkenni og að ýmis norræn sagnaeinkenni verði til að aðgreina þau frá frændum þeirra á meginlandinu. Blámenn sameina síðan ýmsa sértæka trölls- og skrímshlis- lega þætti í einni holningu en þar fer öllu minna fyrir norrænum einkennum.

Ef blámenn eru bornir saman við skilgreiningu Cohens á skrímshlishugtakinu kemur eftirfarandi í ljós: 1) Blámenn eru ætlaðir sem öflug spegilmynd tiltekinna vestrænna gilda; dökkir gagnvart ljósu fólki, vöndir andspænis því góða, heiðingjar á móti kristnum. Við slíka villimenn skyldi ekki jafnast. 2) Blámenn geta verið afmyndaðir frá norrænum bæjardyrum séð, með krækt nef og varir niður á bringu, svartleitir með gul kattaraugu og ýmisleg önnur óhugnanleg útlitsleg einkenni sem virðast framandi. 3) Það er í hag ríkjandi viðhorfa kristins samfélags á miðöldum að draga upp þá mynd af framandi þjóðum að þær séu óæðri og í andstöðu við ríkjandi gildi. Með því að búa til óvin er við eitthvað að fást auk þess að dæmi um rétta breytni og lífshætti andspænis því sem rangt er verða handhæg. 4) Mun milli þess sem rétt er og rangt má í tilfelli blámanna skilgreina út frá trúarbrögðum í þeim tilvikum þar sem þeir eru múslimar eða heiðingjar, einkum uppruna þeirra í hinni fjarlægu og framandi Afríku, dökkum og þar með djöfullegum litarhætti þeirra, og ýmsum öðrum þeim einkennum sem hér hafa þegar verið talin og þau sem enn á eftir að nefna. 5) Blámönnum verður ekki með góðu móti kynnst af marka má dæmin; þeir búa varla yfir getu til að tala.⁴³ 6) Blámenn eru dýrs- legir eins og betur verður getið í næsta undirkafla. Þeim er slegið saman við dýr og þeim oftlega lýst eins og um hunda sé að ræða. Þar við bætist athugun Sophia Rose Arjana, sem bendir á að múslimum, sem sjálfum er iðulega slengt saman við evrópska hliðstæðu blámanna, er oftlega lýst sem hundshöfðum.⁴⁴



Úr handriti að Undrum austursins,
MS Cotton Tiberius B.v., fol. 82r; geymt í British Library í Lundúnum.

Skrímsl og tröll virðast oft vera eitt og sama fyrirbærið eins og þau voru skilin á því tímabili sem hér er til athugunar og blámenn sameina alla helstu þætti hvors hugtaks um sig. Fá skrímsl eru eins fjölbreytileg að gerð eins og blámenn og við það bætist að þeir eru ekki einasta tröll í almennum skilningi, heldur eru þeir beinlínis kallaðir tröll, þeim er lýst eins og tröllum, og þeir hegða sér eins og tröll.

Glímukeppni við blámann

Trölsleg og dýrsleg hegðun blámana er sérstaklega áberandi í tilteknu frásagnarminni sem finnst jafnt í töluvert fornum heimildum og í þjóðsögum sem skráðar eru mjög seint, á níjtjándu og fram á tuttugustu öld. Í sögnum af

Þessari gerð lendir söguhetjan upp á kant við valdamikinn aðila og þarf fyrir vikið að glíma við vart mennskan blámann sem sá síðarnefndi hefur á sínum snærum.⁴⁵ Eignarhald hans á blámanninum er skýrt gefið til kynna með setningum á við „blámaðr hans“, „hann hefur blámann þann“, „skaltu nú fásk við blámann várn“.⁴⁶ Glímuminnið er að finna í þrem Íslendingasögum, tveim fornaldarsögum, og víða í Þjóðsagnasöfnum svo sem þeirra Konrads Maurer (1823-1902), sem blés nýju lífi Þjóðsagnasöfnun á Íslandi og varð því fyrirmynd hinna sem á eftir komu, Jóns Árnasonar (1819-1888), Sigfúsar Sigfússonar (1855-1935), Ólafs Davíðssonar (1862-1903) og fleiri. Halldór Laxness hefur einnig þekkt til minnisins því hann vísar til þess minnst tvisvar.⁴⁷

Formgerð minnisins er þessi: Söguhetjan kemur sér í klandur gagnvart valdamiklum manni – jarli, konungi, skipstjóra, stýrimanni – oft með því að gera lítið úr honum, til að mynda í aflraun, en stundum er ekki alveg ljóst hverju sætir að hetjan skuli eiga að glíma við forynjuna. Það kemur hetjunnar yfirleitt á óvart þegar hún kemst augliti til auglitis við andstæðing sinn hvers eðlis hann er, svartur og tröllslegur málleysingi, og kemst hetjan þá stundum svo að orði að ekki hafi hún vænst þess að eiga að fást við tröll. Þá er oft vísað til blámannsins í hvorugkyni eins og til að undirstrika ómennsku hans: „Ekki sýnist mér þat maðr; tröllli sýnist mér þat líkara“.⁴⁸ Hér er það ekki hvorugkyn orðsins *tröll* sem skilgreinir ábendingarfornafnið heldur ómennskt eðli blámannsins sem skilgreinir hann ókynjaðan og ómennskan og setur hann þar með í flokk trölla. Því næst er blámanninum sigað eins og hverjum öðrum hundi eða villidýri á söguhetjuna. Áður en það gerist hefur hetjan þó verið vöruð við af hliðhollum manni sem veit hvaða mann sá valdamikli hefur að geyma og oft hlýtur hetjan þá sérstakan búnað, til að mynda fangastakk, töfraskyrtu, eða vopn, sem mun gera henni betur kleift að verjast blámanninum og hafa sigur úr býtum. Í Sturlaugs sögu starfsama er brugðið frá þessari venju þar sem hetjurnar berjast við hóp óvina en þeirra á meðal er blámaður sem einnig er berserkur, svo sem ýmsir þeir sem nefndir eru hér að framan. Hrólfr nefja glímur við hann og hefur hvorki til þess sérstakan búnað né ráðleggingar og allar aðstæður eru aðrar. Glíman fer þó með sama móti fram og í öðrum sögum:

Hrólfr bjó sik til glímu allléttliga. Síðan ráðast þeir á ok takast fangbrögðum allsterkliga, ok var þeira atganga bæði hörð ok löng. Mikill var aflsmunr með þeim, því at blámaðrinn mátti bera Hrólfr í fangi sér, hvert er hann vildi. Berserkrinn vildi færa Hrólfr þá niðr. Hann kom þó jafnan fótum undir sik. Þessi blámaðr var mikill sem risi, en digr sem naut, blár sem hel. Klær hafði hann svá miklar, at þær váru líkari gammsklóm en mannanöglum. Nú bar hann Hrólfr at láginni, ok vildi blámaðrinn færa hann niðr á kylfuna, en Hrólfr stakk fótum við svá fast, at þeir hrukku frá í burt báðir, ok fell blámaðrinn á bak aftr, ok varð undir honum

steinn, ok brotnaði hryggr hans, en Hrólfr hljóp skjótt á fætr ok þreif kylfuna ok lamdi blámanninn skjótt til heljar, en Hrólfr var allr blár ok blóðugr ok rifit hold af beinum hans.⁴⁹

Blámaðurinn er ávallt sterkari og söguhetjan þarf að hafa sig alla við til að koma honum undir. Að lokum verður fyrir þeim steinn eða hella í vellinum og hetjan brýtur blámanninn ýmist um rifin eða á bak aftur á steininum eða hellunni, stundum vantar herslumuninn og þá þarf að kyrkja blámanninn að hinstu með „fúlmannligum kverkatökum,“ eins og Hörður gerir í Hjálmpés sögu og Ölvis.⁵⁰ Eins og fyrr segir er blámaður Sturlaugs sögu einnig berserkur og í þrem af fimm miðaldafrásögnum um glímu við blámann er hann einnig sagður vera tröll. Blámenn eiga það til í þessum frásögnum að vera dýrslegir; þeir froðufella og fara um völlinn trylltir og grenjandi án þess þeir búi yfir nokkru tungumáli eftir því sem framast verður komist. Sem eign hins valdamikla manns minnir blámaðurinn á nýlenduþræla síðari tíma. Hann er til sýnis við hirð konungs, líkt og í Hákonar sögu Hákonarsonar þar sem Hákon konungi eru færðir tveir blámenn að því er virðist til eignar,⁵¹ og þegar þess þarf með má siga blámanninum á óæskilega gesti líkt og í Kjalnesinga sögu og Finnboga sögu ramma.⁵²

Konrad Maurer skiptir frásögninni í þrjá þætti eins og hún birtist í Þjóðsögum: 1) Bóndi kemur sér í klandur gagnvart útendum kaupmanni og kemst að því að kaupmaðurinn muni senda á hann blámann. Samkvæmt ráði vinveitts og viss manns sveipar hann sig lausri ull svo blámaðurinn muni eiga erfiðara með að ná á honum taki. Þetta fer svo sem gert var ráð fyrir og blámaðurinn er að lyktum „dreginn að hvössum steini, brotinn þar á honum hryggurinn og hann drepinn.“⁵³ 2) Kaupmaðurinn reiðist þegar hann kemst að því að bóndinn lifir og sigar á hann hundi. Aftur þiggur bóndinn ráð og sérstakan búnað og ræður örlögum hundsins fyrir vikið. 3) Kaupmaðurinn er reiðari en nokkru sinni áður og hótar því að drepa bóndann, en sá þiggur enn ráð sem felur í sér heilmikil yfirnáttúrleg viðskipti, en endar með því að hann kastar hálfri galdrabók í skip kaupmannsins, sakir þess að í henni „sé nefnilega fölginn helmingurinn af öllum göldrum veraldar, bókina sem hafi að geyma hinn helminginn muni kaupmaðurinn hafa með sér. En komi saman bækurnar tvær muni það óhjákvæmilega valda dauða þess sem hefur þær þá hjá sér.“⁵⁴ Kaupmaðurinn og allt hans lið deyr sakir þessa við litla viðhöfn en bóndinn er loks laus sinna mála.⁵⁵

Margar sagnir af þessum toga eru varðveittar í yngri Þjóðsagnasöfnum, svo sem þeim sem nefnd voru hér á undan, en Maurer gefur ekki til kynna að hann hafi kannast við frekari tilbrigði glímuminnisins. Þó notar hann orðið *blámaðr* með fornislensku endingunni og þýðir hugtakið sem *wilde Mann*, sem er þekkt Þjóðsagnapersónugerð sem víða kemur fyrir í miðaldaritum,⁵⁶

en ekki verður sagt að þau tengsl sem Maurer dregur þar upp séu sérstaklega beysin. Blámenn eru mun skyldari goðsögum um múslima á miðöldum líkt og rakið var hér á undan.

Þjóðsögunnar spretta bersýnilega úr sömu sagnahefð og frásagnir miðaldaritanna og fjalla yfirleitt um mann af lægri stétt sem niðurlægir valdamikinn mann, oft með því að bera helmingi meira en hann eftir að sá síðarnefndi hefur útmálað sig um eigið líkamlegt atgervi. Eftir að söguhetjan er vöruð við því hvern við er að eiga og hún hefur hlotið sérstakan búnað berst hún við blámann og þvínæst við hund, en stundum fer fyrst fram glímunni við hundinn. Lýsingar á glímunni eru ekki eins ítarlegar eins og í miðaldartextum, en alltaf lyktar henni með fyrirhafnarlitlum sigri söguhetjunnar á bæði blámanni og hundi og aðeins í einu tilviki sleppur blámaðurinn undan með líftórna fyrir miskunn söguhetjunnar. Í einni sögunni er blámaðurinn einnig nefndur *jötunn* og mikil áhersla er lögð á munn hans og hundsins. Bæði blámaður og hundur öskra, froðufella með gapandi kjafti, og báðir þiggja þeir hníf ofan í kokið. Raunar er svo lítill munur á því hvernig þeim er lýst að eins mætti tala um samlegðaráhrif: Blámaður verður hundur og hundurinn er sami jötunninn og blámaðurinn. Lýsingarnar eru svo samhljóma að væri hundinum skipt út fyrir blámanninn og öfugt væri engin leið til að taka eftir því. Stundum þarf söguhetjan að glíma við björn og í einu sérstaklega áhugaverðu tilfelli þarf hún að fást við ljón.⁵⁷ Í því samhengi er vert að muna að í sambærilegri frásögn þarf Finnbogi rammi að glíma við björn, einkennilegan mann sem heitir Álfur, og loks við blámann.⁵⁸

Áherslan á munninn er mikil. Páll sterki mætir blámanni sem hleypur á móti honum „með gapandi ginið,“ Ingjaldur á Kálfaströnd varðist „voðalega stórum og ljótum“ blámanni sem hljóp að honum „með gapandi kjafti“ með því að kasta að honum tíu punda smjörbita „en hann tók við með kjaftinum.“⁵⁹ Í annarri þjóðsögu þar sem glímuminnið kemur ekki fyrir verður söguhetjan vitni að því þegar ógnarstór blámaður, sem bundinn er í lúkar skips, er fóðraður þannig að þrír menn moka upp í hann hafragraut með skóflum.

Af þeim tuttugu og tveim þjóðsögum⁶⁰ sem fundust sem innihalda blámenn fjalla fimmtán þeirra um glímuminnið, en allar eiga þær sameiginlegt að blámönnum er lýst nálega sem dýrum og af fyrirlitningu sem einkennist af kynþátta- og nýlenduhyggu. Þar eru blámenn haldnir eins og villt dýr meðal hunda, bjarna og ljóna og þeim sigað á grandalausum hafnarverkamenn í íslenskum fiskiþorpum. Það kann að hljóma fjarstæðukennt en þó eru þetta sögur sem menn sögðu og höfðu ef til vill fyrir sannar þótt ýktar væru. Í þjóðsögum er blámönnum lítið lýst útlitslega en þó má telja líklegt að á þeim tíma sem þjóðsögunnar eru skráðar hafi hugtakið *blámaður* einna helst, ef ekki alfarið, verið haft yfir hörundsökka Afríkumenn eins og rakið

var í inngangi þessarar greinar og merkingin sem gefin er í *Íslenskri orðabók* gefur til kynna. Yngstu gerðir glímuminnisins fjalla því vafningalaust um blámenn sem villimannsleg hörundsdökk skrímsl úr Afríku á meðan frásagnir frá miðöldum hafa ekki svo skýrt skilgreinda merkingu, en þó er ekki ólíklegt að svipuð merking liggi þar að baki.⁶¹

Blemjur

Enn eru ótalin óhjákvæmileg tengsl blámanna við hugmyndir um þjóðflokk Blemja í Norður-Afríku.⁶² Þau tengsl eru tvíþætt: Annars vegar er það að Blemjur voru núbískur þjóðflokkur sem raunverulega var til á því landsvæði þar sem nú heitir Súdan, og þar sem ekki er talað um Blemjur með því heiti er iðulega talað um Eþíópá. Hins vegar er það, eins og fram hefur komið, að blámenn falla ljóslega í hóp Eþíópá samkvæmt sömu formerkjum. Í raun er hér um að ræða ólík hugtök sem eftir samhengi geta öll merkt það sama. Hljóðlíkindin á milli orðanna *blemmye* og *blámaðr* eru einnig nokkur. Hljóðaðlaganir til íslensku er vel þekkt fyrirbæri, svo sem í orðunum *pilagrímur* (lat. *peregrinus*) og *Rúðuborg* (fr. *Rouen*), eða í nöfnunum Jarizleifr og Burizleifr (Jaroslav og Bolislav), eða eins og í því tilfelli þar sem Blemjur eru kallaðar *Lamnies*. Hversu líklegt er að *blámaðr* sé í senn merkingarbært orð eitt sér í forníslensku og um leið hljóðaðlögun við latneska orðið *blemmyae* skal ósagt látið hér, en það að þau fyrirbæri sem orðin vísa til falli að nokkru leyti saman gefur til kynna að svo kunni að vera þótt setja þurfi alla tilskilda fyrirvara við það.⁶³

Samkvæmt Hauksbók er ýmis skrímsl að finna í Blálandi og í Afríku og þeirra á meðal eru þeir „er hofuð lausir ero en á bringunní er beði munnr oc augu. sumir hofuð lausir þa er munnren ofan a bukenum. en augu a herðar bloðum. oc er har a sem a dyrum.“ Þá koma í AM 194 8vo fyrir *Lamnies* sem „ero á Indíalandi hòfut-lausir, þeir hafa munn ok augu á briosti ok brár. Adrir hafa svira, en augu a herdarblaudum.“ Hér hafa Blemjurnar færst til Indíalanda, en að vísu náði Indíaland suður til Afríku eftir atvikum, rétt eins og Serkland er stundum í Afríku, Mesópótamíu, Palestínu eða á Spáni.⁶⁴ Stjórn staðsetur Blemjur aftur á móti í Norður-Afríku: „I libía feðaz ok hofut lauser menn eptir þi sem truiz hueria er libici kalla lemnía. þeir hafa múnn ok augun framan abríostínu. aðrer erv þeir sem þar feðaz at engan hafa haalsinn enn augun áá oxlunum.“⁶⁵ Útbreiðsla Blemjanna er því töluvert mikil í íslenskum lærdómsritum og yfirleitt búa þær á sömu svæðum og blámenn, en erlendar heimildir eru nákvæmari með það að Blemjur búa í Núbíu eða Eþíópíu.⁶⁶ Þá segir í Kirjalax sögu:

Soldan kongr hefir oflyianda her allra kynia ok þioda, blamanna ok iotna, ok skringilgar skepnur með hræðiligum ásionum, ok hafa sumir augu a brioste ok bringu ok eru haufud-lauser, sumir eru en haufut-lauser ok hafa mun ok naser á herdar blaudum, sumir hafa eyru svo micil, at þeir mega hylia sig i, sumir hafa hundz hòfut ok geyia sem hundar. Þeir hafa i dromundunum marga fila ok kastala með hernum ok eru þeir til þess ætladir hinir hræðiligu iotnnar ok skessiligu skrimsl ok blamenn at fylgia fram filunum i orostu ok hræda svo menzka menn bædi með hræðiligum rauddum ok grimligum ásionum, ok með þessu vinnr hann sigr aa aullum þiodum.⁶⁷

Hér koma Blemjur og blámenn fyrir í sama her ásamt öðrum plínískum skrímslum, svo sem Panótíum og hundshöfðum,⁶⁸ en óljóst er hvort lýsingin á Blemjunum á við blámennina vegna þess að aðeins stendur að *sumir* séu höfuðlausir með augu á brjósti eða nasir á herðarblöðum.

Að lokum skal nefnt sérstaklega merkilegt dæmi úr Maríu sögu þar sem djöfullinn birtist munki í gervi blámanns, en munkinum „syndizt, sem hans hendr stædi ut um eyrnaborurnar,“ sem minnir töluvert á útlit Blemja.⁶⁹ Það er ekki þar með sagt að blámenn séu Blemjur, eða að Blemjur séu blámenn, enda þótt hvort tveggja séu skrímsl úr Afríku. En það undirstrikar ef til vill fljótandi merkingu hugtaksins *blámaðr* á miðöldum og hvernig mismunandi hugmyndir um skrímsl á jaðri heimsins gátu blandast saman í verkum lærdómsmanna og öðrum bókum sem ritaðar voru á Íslandi frá upphafi ritaldar og vel fram eftir öldum.

Samantekt

Merkingu orðsins *blámaðr* á miðöldum má draga fram í eftirfarandi atriðum:

1. Blámenn gátu verið tröll, sterkir sem tröll eða tröllslegir, jötnar, berskir og stórir sem risar, svartir, stæltir og sterkir sem naut.
2. Þeir eru oft dýrslegir: Þeir öskra, hlaupa grenjandi og froðufellandi með gapanda gin, þeir hafa klær. Þeir hrína eins og geltir þegar þeir berjast, þeir gefa frá sér hræðileg hljóð, góla sem úlfar, væla grimmi-lega, þeim er sigað á fólk líkt og hundum, og stundum er vísað til þeirra í hvorugkyni eins og til að gefa til kynna ómennskt eðli þeirra: Ekki sýnist mér *það* maður. Trölli sýnist mér *það* líkara.⁷⁰
3. Blámenn hafa hryllilega ásjónu, eru illilegir, ljótir, ógnarlegir, stórir, smáir, hárlausir, með gular tennur, bláir á líkamann, jörðu svartari, augabryn þeirra hanga niður á nefbrodd, augun gul eins og í ketti,

tennur sem kalt járn og af þeim er daunn líkt og af öðrum djöfullegum verum, svo sem Glámi í Grettis sögu.⁷¹

4. *Blár sem hel og digur sem naut* virðist vera fast orðasamband til að lýsa blámönnum, og er einnig haft um afturgöngur Þórólfs bægifótar og Gláms eftir að hann hefur verið drepinn af trölli. Þetta gefur til kynna tengsl blámanna við illa anda, enda birtist djöfullinn í líki svarts blámans, myrkrahöfðingjadjöflar og blámenni getur merkt sama hlut, og blámenn eru oft fordæmdir og vesælir andar.
5. Blámenn virðast hafa tengingu við fjölkynngi eins og tröll. Finnbogi rammi tekur eftir því að blámaðurinn sem hann glímir við er *magnaðr ekki lítt*. Blálenski konungurinn Margari á móðurina Obskúru sem getur tekið á sig form hvers kyns skepna, eins og nafn hennar gefur til kynna. Höfðingi blámanna í Hektors sögu, Atremon, er trölli líkari en mönnum og sömuleiðis fjölkunnugur.
6. Blámenn eru heiðingjar, Márar, í liði með Maúmets villumönnum, þeir brytjaddir niður fyrir fjandann og þeim kastað niður til Helvítis. Þeir eru andstaðan við *fríðmenn*. Þeir mynda oft óflýjanda her, sem þó flýr þegar höfðingi þeirra er drepinn.

Blámenn eru með fáum undantekningum sýndir í neikvæðu ljósi í textum. Þeir eru illir andstæðingar hinnar réttu trúar. Hvaðan þeir eru upprunnir er oft algjört aukaatriði þegar þeir eru notaðir eins og hvert annað skrímsl í frásögnina. Í Heimskringlu eru þeir til dæmis ekki frá Afríku heldur frá Skýþíu eða Svíþjóð hinni miklu.⁷² Þá dugar til að þeir eru framandi og frábrugðnir norrænu fólki. Þeir heyra jadrinum til og þeir eru meðal verstu fjandmanna kristninnar, burtséð frá því hvort þeir eru menn eða djöflar hverju sinni.

Blámenn deila mörgum eiginleikum með tröllum og ef við berum þá saman við hina fjölbreytilegu merkingu orðsins tröll verður ljóst að blámenn heyra í flestum tilvikum undir sömu merkingarflokka. Ef við númerum merkingarflokkana á sama hátt og Ármann Jakobsson þá (1) eru blámenn stundum *jötnar*, heldur illa skilgreind skepna úr handanheiminum sem hefur mannlíkingu en býr úti í villtri náttúrunni, (2) þeir eru oft ógnarstórir og gríðarlega sterkir, (3) þeir eru oft fjölkunnugir eins og tröll, (4) þeir eru stundum illir andar eða djöflar, sem geta einnig verið tröll, (5) blámenn geta verið berserkir, sem einnig er oft lýst sem tröllum, (6) notkun orðsins er nær ætíð neikvæð, stundum er það notað sem brigslyrði, (8) blámenn eru framandi, (9) orðið getur falið í sér tiltekna eiginleika, svo sem skort á móðurmáli, froðufall og dýrslega hegðun, (13) dýr geta verið tröll, sem gerir dýrslega eiginleika blámanna sérstaklega áhugaverða, (14) heiðnar vættir geta

verið tröll, sem einnig kemur við blámenn þegar hugtakið á að lýsa heiðingjum, (15) tröll getur bæði verið sá sem magnar upp illa vætti og vætturinn sjálf, eins og blámaðurinn í Finnboga sögu, (17) og loksins eru blámenn, líkt og tröll, djöflar, seiðskrattar og heiðingjar, hinir verstu óvinir kristinnar.⁷³

Í heildina tekið deila blámenn að minnsta kosti tólf merkingarflokkum með tröllum af þeim sautján sem Ármann tilgreinir í rannsókn sinni. Ármann nefnir í einum flokkanna að vígreifir blámenn geti verið tröll (11), sem í ljósi undanfarandi greiningar á hlutverki blámana í íslenskum miðaldabókmenntum má telja að sé nú vel staðfest. Blámenn miðaldabókmennta eru tröll og sem slík heyra þeir til vídd hins djöfullega, hins fjölkunnuga og þess skrímslislega. Þeir eru ómennskir, heiðnir fjandmenn kristinna söguhetja. Nútímafrásagnir um blámenn eru leifar þessarar gömlu sagnahefðar, færðar í nútímalegri búning í samfélagi þar sem almenn þekking á heiminum er meiri en nokkru sinni áður, og því þrengist merking orðsins *blámaður* með tímanum þar til að endingu að orðið merkir einungis svartan Afríkumann og verður loks að svo niðrandi hugtaki að það verður ekki notað lengur nema í rannsóknum á orðinu sjálfu og þeim textum sem það er varðveitt í.

ENDNOTES

- ¹ Salka Valka (bls. 190). Þess er rétt að geta að svona kankvísleg notkun orðsins *blámaður* er tíð í verkum Halldórs Laxness. Mætti nefna til Sjálfstætt fólk (bls. 468), Undir Helgahnúk (bls. 161), Vefarann mikla frá Kasmír (bls. 50) og Atómstöðina (bls. 154). Uppgefin blaðsíðutöl eru fengin úr orðaleit í verkum Halldórs Laxness í veforðabókinni *Snöru* (snara.is).
- ² Hverra var mér aldrei ljóst.
- ³ Kristín Loftsdóttir, mannfræðingur, hefur frá svipaðri reynslu að segja um viðtökur við sínum rannsóknum: „Einum viðmælanda fannst verkefnið augljóslega nokkuð furðulegt og sagði eitthvað á þá leið, glettinn og íbygginn í senn, að það þyrfti að hafa í huga að kannski höfðu þeir í Afríku bara verið villimenn. Hann bætti svo við nokkrum öðrum athugasemdum í léttum tón um hvernig „svertingjarnir“ hefðu mögulega verið fyrir á öldum og endurómaði þannig ómeðvitað einmitt sömu staðalmyndir og ég hafði verið að vísa í.“ Kristín Loftsdóttir, „„Kannski voru þeir bara villimenn“: Framandleiki, Afríka og ólíkar afmarkanir „hinna““. *Þriðja íslenska söguþingið 18.-21. maí 2006* (Reykjavík: Sagnfræðingafélag Íslands, 2007), bls. 23.
- ⁴ Sjá Þórarín Bøðvarsson, *Lestrarbók handa alþýðu á Íslandi* (Kaupmannahöfn: Prentað hjá Hlöðvi Klein, 1874), bls. 146.
- ⁵ Árni H. Kristjánsson et al. (útg.), *Bóndinn, spendýrin og fleiri undur alheimsins: alfræðiverk fyrir alþýðu sem Jón Bjarnason frá Þórormstungu í Vatnsdal vann á árunum 1845-1852* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2014), bls. 96-7.
- ⁶ *Blámenn og villidýr: Sannar sögur frá Afríku*, Ólafur Friðriksson íslenskaði, 2. útg. (Reykjavík: Ferðabókauðgáfan, 1956), bls. 105.
- ⁷ Sama rit, bls. 5

- ⁸ Sigfús Sigfússon, *Íslenskar þjóðsögur og sagnir* (Reykjavík: Þjóðsaga H.F., 1993), 11. bindi, bls. 608 og 669.
- ⁹ Jakob Bjarnar, „Múlattavangaveltur Davíðs falla í grýttan jarðveg,“ *Visir* 10. júní 2016.
- ¹⁰ Richard Cleasby og Guðbrandur Vigfússon (ritstj.), *An Icelandic-English Dictionary* (Oxford: Clarendon Press 1874), bls. 67.
- ¹¹ Johan Fritznér, *Ordbog over det gamle norske sprog* (Kristiania: Feilberg og Landmarks forlag, 1867), bls. 54.
- ¹² Þessar orðskýringar er að finna í *Ordbog over det norrøne prosasprog* á vef Árnasafns í Kaupmannahöfn: Vefslóð: <http://onp.ku.dk>
- ¹³ Sjá Bjarna Aðalbjarnarson, *Heimskringla I*, Íslenzk fornrit XXVI (Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag, 1941), bls. 10, nmgr. 1, þar sem hann skýrir að *Bláland it mikla* merki „land (lönd) blámannanna í Afríku“; Sverri Jakobsson og Þorleif Hauksson, *Hákonar saga*, 2. bindi, Íslenzk fornrit XXXI (Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag 2013), bls. 118, nmgr. 3 þar sem skýringin: „blámenn: blökkumenn“ er gefin. Richard Cole, „Racial Thinking in Old Norse Literature: The Case of the *Blámaðr*,“ *Saga-Book* 39 (2015), bls. 26, skoðar *blámenn* á þjóðernislegum forsendum og gefur því einnig skýringuna „black man,“ en nefnir einnig greiningu Simonettu Battista á blámönnum sem eru djöflar (sjá nmgr. 497).
- ¹⁴ Annars um litinn bláan, sjá Kirsten Wolf, „The Color Blue in Old Norse-Icelandic Literature,“ *The Fantastic in Old Norse/Icelandic Literature: Preprint Papers of the 13th International Saga Conference, Durham and York 6th-12th August 2006*, ritstj. John McKinnell, David Ashurst og Donata Kick (Durham: Centre for Medieval and Renaissance Studies, 2006), 2. bindi, bls. 1071-1080.
- ¹⁵ Jonathan Adams, „The Life of the Prophet Muhammad in East Norse,“ bls. 205-6.
- ¹⁶ Finnur Jónsson (útg.), *Fagrskinna: Noregs kononga tal*, STUAGNL 30, (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 1902-1903), bls. 330.
- ¹⁷ Úr grísku μαύρος (mauros), sem merkir ‘dökkur’. Sbr. Máriaítania, land hinna dökku.
- ¹⁸ Finnur Jónsson (útg.), *Morkinskinna*, STUAGNL 53 (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 1932), bls. 384.
- ¹⁹ Agnete Loth (útg.), „Heilagra þriggja konunga saga,“ *Reykjahólabók: Íslandske helgenlegender*, 1. bindi (Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1969-1970), bls. 10.
- ²⁰ Sigurður Nordal (útg.), *Orkneyinga saga*, STUAGNL 40 (København: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 1913-1916), bls. 249.
- ²¹ Rétt er að taka fram að drómundar eru skip og skal ekki rugla saman við drómedara sem eru úlfaldar. Bæði orð koma fyrir í forníslenskum heimildum.
- ²² C.R. Unger (útg.), „Vitae patrum,“ *Heilagra Manna Sögur: Fortællinger og Legender om hellige Mænd og Kvinder*, 2. bindi, (Christiania: 1877), bls. 393-4.
- ²³ Fyrir vikið er sagan af því þegar Matteus postuli kristnar „margan lýð“ á Blálandi einkar merkileg. Sjá Sverri Jakobsson, „Saracen Sensibilities: Muslims and Otherness in Medieval Saga Literature,“ *JEGP* 115/2 2016, bls. 218.
- ²⁴ Finnur Jónsson (útg.), *Fagrskinna: Noregs kononga tal*, STUAGNL 30 (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur 1902-1903), bls. 330; Finnur Jónsson (útg.), *Morkinskinna*, bls. 384; Finnur Jónsson (útg.), *Heimskringla III*, STUAGNL 23 (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur 1893-91), bls. 274, 294; þannig fer Sigurður að líkt og aðrar hetjur sem ferðast í austur og berjast við skrímsl, t.d. Órvar-Oddur og Eiríkur víðförli (sjá kafla 3.1 og 4.1).
- ²⁵ Sophia Rose Arjana, *Muslims in the Western Imagination* (Oxford: Oxford University Press, 2015), bls. 19–20. Hugtakið virðist því opnara og óljósara að merkingu en Sverri Jakobsson gefur til kynna, sbr. „Saracen Sensibilities,“ bls. 226.

- ²⁶ Arjana, *Muslims in the Western Imagination*, bls. 21–24.
- ²⁷ Sérstaklega áhugavert er ritið Apokalypsis eða Opinberun sem eignað var Methodiusi kirkjufoður (d. 311), þar sem innrás múslima í Evrópu knýr heimsendi, en islam var ekki enn komið fram á sjónarsviðið þá og deginum ljósara er að meint Opinberun Methodiusar var ekki rituð fyrr en á 7. öld. Sjá Pseudo-Methodius, *Apocalypse | An Alexandrian World Chronicle*, útg. Benjamin Garstad, Dumbarton Oaks Medieval Library 14 (Cambridge, MA: Harvard Univeristy Press, 2012).
- ²⁸ Arjana, *Muslims in the Western Imagination*, bls. 26. Sverrir Jakobsson telur að múslimum sé í auknum mæli slegið saman við gyðinga og kristna villutrúarmenn eftir að kristnir menn tóku að kynna sér islam og sáu að ekki var sérlega langur vegur milli hennar og kristni. Sjá Sverri Jakobsson, „Saracen Sensibilities,“ bls. 214.
- ²⁹ Arjana, *Muslims in the Western Imagination*, bls. 28–29.
- ³⁰ Hér er vísað í erjur konunganna Eysteins og Sigurðar Jórsalafara, sjá Sverri Jakobsson, „Saracen Sensibilities,“ bls. 217; Ármann Jakobsson o.fl. (útg.), *Morkinskinna*, Íslenzk fornrit XXIV (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2011), 2. bindi, bls. 134.
- ³¹ Kristian Kálund (útg.), *Alfræði íslenzk I: Íslandsk encyklopædisk litteratur. I. cod. mbr. AM. 194 8vo*, STUAGNL 37 (Kaupmannahöfn: S.L. Møllers bogtrykkeri, 1917-18), bls. 8.
- ³² Jeffrey J. Cohen, „Monster Culture: Seven Theses,“ *Monster Theory: Reading Culture* (Minneapolis: University of Minnesota Press, 1996), bls. 7.
- ³³ Arjana, *Muslims in the Western Imagination*, bls. 39.
- ³⁴ Sirpa Aalto, *Categorizing Otherness in the Kings' Sagas* (Joensuu: Itä-Suomen yliopisto, 2010), bls. 139.
- ³⁵ Þetta hefur að vísu lítt verið kannað til þessa en nýverið hefur þó Jonathan Adams fjallað um hugmyndir austnorræns fólks um Múhameð og sýnt að þær eru mjög í svipuðum dúr og aðrar evrópskar heimildir sem fjalla á niðrandi hátt um islam. Sjá Adams, „The Life of the Prophet Muhammad in East Norse,“ *Fear and Loathing in the North: Jews and Muslims in Medieval Scandinavia*, bls. 203-37. Ein helsta niðurstaða hans er að: „In East Norse texts, Muslims are employed as foils to demonstrate the truth of Christian teaching or as mirrors to make Christian readers reassess their own (lack of) piety and morality“ (bls. 224).
- ³⁶ Arjana, *Muslims in the Western Imagination*, bls. 40–41.
- ³⁷ Arjana, *Muslims in the Western Imagination*, bls. 49, sjá nánar bls. 19-57.
- ³⁸ Samband blámanna og berserkja hefur að nokkru verið skoðað af Aðalheiði Guðmundsdóttur, „Um berserki, berserksgang og amanita muscaria,“ *Skírnir* 175 (haust 2001), bls. 317-53. Björn Bandlien bendir á hliðstæða hugsun í „Muslims in Karlamagnúss saga and Elíss saga ok Rósamundar“, *Á austrvega: Saga and East Scandinavia. Preprint Papers of the 14th International Saga Conference, Uppsala, 9th-15th August 2009*, ritstj. Agneta Ney o.fl. (Gävle: Gävle University Press, 2009), bls. 85-91.
- ³⁹ Agnete Loth (útg.), „Vilmundar saga viðutan,“ *Late Medieval Icelandic Romances IV* (Kaupmannahöfn: 1962-1965), bls. 172-3.
- ⁴⁰ Agnete Loth (útg.), „Ectors saga,“ *Late Medieval Icelandic Romances I* (Kaupmannahöfn: 1962-1965), bls. 132-37.
- ⁴¹ Guðni Jónsson o.fl. (útg.), „Sturlaug's saga starfsama,“ *Fornaldarsögur Norðurlanda II* (Reykjavík: Bókaútgáfan Forni, 1944), bls. 327.
- ⁴² Um tröll má helst fræðast hjá Ármanni Jakobssyni, „Hvað er tröll? Galdrar, tröll og samfélagsóvinir,“ *Galdramenn: Galdur og samfélag á miðöldum*, ritstj. Torfi H. Tulinius (Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2008), bls. 95-119; sjá einnig Ármann Jakobsson, *The Troll Inside You: Paranormal Activity in the Medieval North* (Punctum Books, 2017).

- ⁴³ Helsta andstæða dæmið við ofantalið er Blávus úr Viktors sögu og Blávuss en þar vegur á móti að hann er aldrei nefndur blámaður í sögunni og því fellur persóna hans ekki að greiningu á orðinu sjálfu, enda þótt ljóst sé að hann er konungur úr Afríku. Aldrei er tekið fram í sögunni hvort hann er sjálfur jafn blár og hörund og nafn hans gæti gefið til kynna. Sjá Hendrik Lambertus, *Von monströsen Helden und heldenhaften Monstern: Zur Darstellung und Funktion des Fremden in den originalen Riddarasögur* (Tübingen og Basel: A. Francke Verlag, 2013), bls. 12, einnig nmgr. 2 sama stað; sjá einnig Lambertus, „Mirrors of the Self – Deconstructing Bipolarity in the Late Icelandic Romances,“ „*A austrvega: Saga and East Scandinavia. Preprint Papers of the 14th International Saga Conference, Uppsala, 9th-15th August 2009*, ritstj. Agneta Ney o.fl. (Gävle: Gävle University Press, 2009), bls. 551-59.
- ⁴⁴ Sjá Jeffrey J. Cohen, *Of Giants: Sex, Monsters and the Middle Ages* (Minneapolis: University of Minnesota Press, 1999), bls. 132-133; Sophia Rose Arjana, *Muslims in the Western Imagination*, bls. 52-6.
- ⁴⁵ Inger Boberg flokkar blámenn undir sagnaminni F527.3 í minnaskrá sinni en nefnir ekki sérstaklega glímuminnið. Að því ber að hyggja að Boberg lést frá verki sínu svo ekki er unnt að skera úr um það hvort þetta tiltekna minni hefði farið framhjá henni hefði henni auðnast að ljúka því. Aðrir fræðimenn hafa minnst á að slíkar frásagnir komi á nokkrum stöðum fyrir en enginn þeirra hefur borið þær sérstaklega saman eða reynt að túlka þær. Þannig segir Jóhannes Halldórsson um sagnaminnið, eins og það kemur fyrir í Gunnars sögu Keldugnúpsfífls, í inngangi sínum að Kjalnesinga sögu (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1959), bls. lxxi: „Að efni er sagan þó um fátt nýstárleg, flest efnisatriði kunn úr öðrum sögum [...] Sagt er frá leikum, rannsókn á bæ, goða, sem vill ráða verðlagi á varningi kaupmanna, drápi bjarndýrs, sem skilur mannamál, flutningi særðs manns í vagni, orrustum við menn og tröll, glímu við blámenn. Slíkar frásagnir eru svo algengar, að torvelt er að henda reiður á nánnum skyldleika við aðrar sögur.“
- ⁴⁶ Johanna Arina Huberta Posthumus (útg.), *Kjalnesinga saga: academisch proefschrift* (Groningen: M. De Waal, 1911), bls. 56.
- ⁴⁷ Í *Brekkukotsannál* kafla 11, bls. 74; og í *Íslandsklukkunni*, bls. 358. Hér er sem fyrr vísað til blaðsíðutals og útgáfna samkvæmt *Snöru* (snara.is).
- ⁴⁸ Jóhannes Halldórsson (útg.), *Kjalnesinga saga*, bls. 36.
- ⁴⁹ Guðni Jónsson o.fl. (útg.), „Sturlaugs saga starfsama,“ *Fornaldarsögur Norðurlanda II*, bls. 327.
- ⁵⁰ Guðni Jónsson o.fl. (útg.), „Hjálmpés saga ok Ölvis,“ *Fornaldarsögur Norðurlanda III* (Reykjavík: Bókaútgáfan Forni, 1944), bls. 270.
- ⁵¹ Sverrir Jakobsson o.fl. (útg.), *Hákonar saga Hákonarsonar*, Íslensk fornrit XXXII (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 2013), 2. bindi bls. 118.
- ⁵² Jóhannes Halldórsson (útg.), *Kjalnesinga saga*, bls. 36-7; „Finnboga saga ramma,“ bls. 283.
- ⁵³ „... und wird daher schliesslich selber an einen scharfen Stein gezerrt und hier durch Brechen seines Rückens getödtet.“ Konrad Maurer (útg.), *Isländische Volkssagen der Gegenwart: vorwiegend nach mündlicher überlieferung gesammelt und verdeutscht* (Leipzig: J.C. Hinrichs'sche Buchhandlung, 1860), bls. 99.
- ⁵⁴ „... in diesem Buche nämlich sei die Hälfte alles Zaubers enthalten welchen es auf Erden gebe, mit einem Buche aber, welches die andere Hälfte enthalte, werde der Kaufmann ankommen. Treffen aber beide Bücher zusammen, so bringe diess unvermeidlich Demjenigen den Tod bei welchem es geschehe.“ Konrad Maurer (útg.), *Isländische Volkssagen der Gegenwart*, bls. 100.
- ⁵⁵ Konrad Maurer (útg.), *Isländische Volkssagen der Gegenwart*, bls. 99-100; *Íslenskar alþýðusögur á okkar tímum* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2015), bls 92-3.

- ⁵⁶ Sjá t.d. Timothy Husband og Gloria Gilmore-House, *The Wild Man: Medieval Myth and Symbolism* (New York: The Metropolitan Museum of Art 1980).
- ⁵⁷ Hannes Þorsteinsson et al. (útg.), *Huld: Safn alþýðlegra fræða íslenzkra* II (Reykjavík: Sæbjörn Jónsson, 1935-36), bls. 171-184.
- ⁵⁸ Jóhannes Halldórsson (útg.), „Finnboga saga ramma,“ bls. 274-83.
- ⁵⁹ Jón Árnason (útg.), *Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri* III, bls. 239-240.
- ⁶⁰ Þær eru, að tilbrigðum meðtöldum: Missögn af Jóni sterka, Ingjaldur á Kálfaströnd, Eyjólfur á Litlahrauni, Magnús sterki Veðmálaglíman á Eyrarbakka árið 1729, Sögur um Eirík að Vogsósum: Galdrabókin, Bókin úr Álfheimum, Fangastakkurinn, Sagan af Jóni Ásmundssyni, Páll bóndi sterki, Jón Ásmundsson í Njarðvík, Þorsteinn í Simbakoti 2 af 2, Sagan af Jóni sterka, Jón sterki, Beinteinn á Breiðabólstað. Útdrætti úr þeim öllum og nánari heimildatilvísanir má finna í *Sagnagrunni*, sagnagrunnur.com.
- ⁶¹ Það er einmitt kynþáttabundin hugsun af þessu tagi sem Richard Cole kannar í grein sinni „Racial Thinking,“ sem hefur verið vanrækt að mestu leyti í norrænum miðaldarannsóknnum en þó ekki alveg, líkt og Cole sýnir, bls. 23-4.
- ⁶² Blemjur er mín hljóðlíking af latneska orðinu *blemmyes*.
- ⁶³ Orðsifjar eru ekki á hreinu heldur, en telja má ólíklegt að samsett orð á við *blámaðr* sé orðsifjalega skylt *blemmyae*.
- ⁶⁴ Sverrir Jakobsson, „Saracen Sensibilities,“ bls. 225–6.
- ⁶⁵ Finnur Jónsson et al. (útg.), *Hauksbók*, bls. 165-6; Kälund (útg.), *Alfræði íslenzk* I, bls. 34-5; Reidar Astås (útg.), *Stjórn* I, bls. 142.
- ⁶⁶ Það kemur t.d. skýrt fram á Herefordkortinu. Sjá Naomi Reed Kline, *Maps of Medieval Thought: The Hereford Paradigm* (Woodbridge: Boydell Press, 2003), bls. 143-164. Plíníus segir þær þó búa í Indlandi, sem sennilega hefur átt að vera Eþíópía, en Ísídór staðsetur þær eins og Stjórn í Libýu, sbr. Rackham (útg.), *Natural History II*, Loeb Classical Library 352 (Cambridge MA: Harvard University Press, 1942), bls. 521; Stephen A. Barney o.fl. (útg.), *The Etymologies of Isidore* (Cambridge: Cambridge University Press, 2010), bls. 245.
- ⁶⁷ Kristian Kålund (útg.), *Kirialax saga*, STUAGNL 43 (København: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 1917), bls. 28.
- ⁶⁸ Þessi sömu skrímsl koma öll fyrir í myndlýsingu íslensks Physiologus. Sjá Halldór Hermannsson (útg.), *The Icelandic Physiologus, facsimile edition with an introduction* (Ithaca, NY: Cornell University Library, 1938), bls. 26; Arngrímur Vídalín, „From the Inside Out: Chronicles, Genealogies, Monsters, and the Makings of an Icelandic Worldview,“ *Supernatural Encounters in Old Norse Literature and Tradition*, ritstj. Daniel Sävborg og Karen Bek-Pedersen (Turnhout: Brepols, 2018), bls. 143-174.
- ⁶⁹ C.R. Unger (útg.), *Mariu saga: Legender om Jomfru Maria og hendes Jertegn*, Det norske Oldskriftselskabs Samlinger 11-16 (Kristiania: 1871), bls. 809-10.
- ⁷⁰ Jóhannes Halldórsson (útg.), *Kjalnesinga saga*, bls. 57.
- ⁷¹ Sbr. Ármann Jakobsson, „Íslenskir draugar,“ bls. 198.
- ⁷² Finnur Jónsson (útg.), *Heimskringla* I, bls. 10.
- ⁷³ Sbr. Ármann Jakobsson, „Hvað er tröll?“ bls. 105-11.